
REGLUGERÐ FYRIR UPPLÝSINGANEFND KLÍ

1. grein

Upplýsinganefnd skal skipuð minnst þrem mönnum tilnefndum af KLÍ og skal formaður nefndarinnar skipaður sérstaklega.

2. grein

Upplýsinganefnd skal í samræmi við gildandi reglur sjá um og/eða hafa eftirlit með:

- liða- og félagaskiptum
- staðfestingu leikheimilda
- skráningu skors
- útgáfu allsherjar meðaltals
- skráningu meta
- útgáfu metaskrár
- útgáfu staðfests árs meðaltals til félaganna (vegna fjölda fulltrúa á þing KLÍ).

3. grein

Upplýsinganefnd veitir stjórn og nefndum upplýsingar um þau atriði sem getið er um í 2 gr. en frumgögn skulu varðveitt hjá KLÍ.

4. grein

Í lok hvers keppnistímabils skal upplýsinganefnd sjá um að fyrir liggi niðurstöður allra móta á vegum KLÍ, síðasta allsherjar meðaltal og yfirlit yfir öll viðurkennd met.

5. grein

Upplýsinganefnd skal halda fundagerðir og skrá þar ákvarðanir sínar.